



STOFNUN FRÆÐASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

YFIRLIT ÚR ÁRSSKÝRSLU 2006

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Forstöðumaður og stjórnarformaður stofnunarinnar hefur frá upphafi verið Rögnvaldur Ólafsson, eðlisfræðingur og dósent við HÍ. Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands hefur þjónustað stofnunina frá upphafi, Ásta Erlingsdóttir hefur umsjón með því verkefni.

Stjórn stofnunarinnar er auk stjórnarformanns skipuð fulltrúum þeirra fræðasetra er hún byggir á. Í stjórninni sátu á árinu 2006 Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði, fulltrúi samstarfsnefndar um Rannsóknasetur í Vestmannaeyjum, Jörundur Svavarsson prófessor í líffræði, formaður stjórnar Háskólaseturs Suðurnesja í Sandgerði, Orri Hlöðversson, bæjarstjóri í Hveragerði og stjórnarmaður í Háskólasetrinu þar og Rannveig Ólafsdóttir, landfræðingur og þá fráfarandi forstöðumaður Háskólasetursins á Hornafirði.

Ársfundur var haldinn þriðja sinni á árinu 2006. Fundurinn var haldinn dagana 13. og 14. júní, fyrri daginn á Egilsstöðum og þann seinni að Eiðum. Rúmlega 50 manns alls staðar að á landinu sóttu fundinn, en yfirskrift hans var; *Sjálfbærni og þekkingarsamfélag á Íslandi*. Gerð var skýrsla með samantekt á öllum erindum sem flutt voru á fundinum og niðurstöðum vinnuhópa og var hún send rektor, ráðherrum og fulltrúum sem sátu ársfundinn.

Starfsemi Háskóla Íslands á landsbyggðinni

Háskóli Íslands rekur rannsókn- og fræðasetur víða um land og tekur auk þess þátt í setrum sem aðrir reka.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni

Háskóli Íslands rekur nú fimm fræða- og rannsóknasetur á landsbyggðinni undir merkjum Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Tvö ný setur munu taka til starfa á árinu 2007. Setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og eru reknar í samstarfi við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á landsbyggðinni. Markmiðið er að styrkja byggðir landsins með aukinni menntun og rannsóknum, skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, bæta aðgengi að menntun og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði var stofnað 2001 með samstarfssamningi Háskóla Íslands við Vegagerðina, Sveitarfélagið Hornafjörð, Landsvirkjun, Siglingastofnun og Veðurstofuna. Meginviðfangsefni setursins eru rannsóknir á sviði landmótunar, loftlagsbreytinga og sambúðar manns og náttúru, auk ýmissa verkefna sem stuðla að auknu samstarfi Háskóla Íslands og

heimamanna t.d. í ferðamálum. Í samvinnu við Skaftárhrepp og Kirkjubæjarstofu er nú verið að stækka starfssvæði setursins þannig að það nái einnig yfir Skaftárhrepp.

Forstöðumaður er Þorvarður Árnason sem tók við af Rannveigu Ólafsdóttur í upphafi árs 2006.

Stjórn setursins skipa fulltrúar þeirra sem að rekstrinum koma.

Háskólasetur Suðurnesja í Sandgerði var stofnað á árinu 2004 og er vettvangur fyrir samstarf Háskóla Íslands við sveitarfélög á Suðurnesjum. Háskólasetrið hefur notið mikils stuðnings frá Sandgerðisbæ og er í sama húsi og Rannsóknastöðin í Sandgerði, Náttúrustofa Reykjaness og Fræðasetrið, sem er á vegum Sandgerðisbæjar. Háskólasetrið stundar einkum rannsóknir á sviði sjávarlíffræði, á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og verkefni tengd fisksjúkdómum. Setrið nýtur samstarfs og nálægðar við Rannsóknastöðina í Sandgerði sem er samvinnuverkefni Umhverfisráðuneytis, Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sandgerðisbæjar og Háskóla Íslands en meginverkefni Rannsóknastöðvarinnar hefur verið verkefnið Botndýr á Íslandsmiðum (BIOICE), sem hófst árið 1992.

Forstöðumaður

Stjórn Háskólasetursins skipa fulltrúar þeirra sem að rekstrinum koma. Jörundur Svavarsson fulltrúi Háskóla Íslands er formaður stjórnar.

Háskólasetrið í Hveragerði tók til starfa í júlí 2000. Helstu viðfangsefni þess eru á sviði hvera og hveralíffræði, vatnamengunar og vatnavistfræði og hagnýtrar örverufræði auk sviða sem tengjast starfsemi, staðhættum eða aðstæðum á svæðinu. Í setrinu er m.a. bókasafn og rannsóknastofa sem geta nýst gestkomandi vísinda- og fræðimönnum. Fræðasetrið í Hveragerði er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Hveragerðisbæjar, Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Garðyrkjuskóla ríkisins), Rannsóknastofnunarinnar Neðra-Ási, Prokaria ehf., Sunnlenskrar orku, og Orkuveitu Reykjavíkur.

Forstöðumaður er Tryggvi Þórðarson.

Stjórn setursins skipaði árið 2006 fulltrúar þeirra sem að rekstrinum koma.

Rannsókn- og fræðasetur í Vestmannaeyjum var stofnað 1994. Í Rannsóknasetrinu eru unnin fjölbreytt rannsóknaverkefni í samstarfi við atvinnulífið í Vestmannaeyjum og innlendar og erlendar rannsókn- og háskólastofnanir. Verkefni eru fjölbreytt, allt frá hagnýtum rannsóknum í tengslum við atvinnulífið í Eyjum til fræðilegra rannsókna á líffríkinu í og við Vestmannaeyjar. Einnig hefur Setrið haft umsjón með ýmis konar kennsluverkefnum, t.d. í fjarnámi, staðbundnu námi og almennri

fræðslu. Góð kennslu- og rannsóknastaða er í Setrinu og aðgangur er að tveimur rannsóknabátum, Friðriki Jessyni 10 tónna Gáskabát og harðbotna Avon mótorbát.

Forstöðumaður er Páll Marvin Jónsson.

Stjórn Samstarfsnefndar Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar er skipuð fulltrúum frá Vestmannaeyjabæ, Háskóla Íslands, útibúi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum, útibúi Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum, Náttúrustofu Suðurlands og fiskvinnslu og útgerð í Vestmannaeyjum.

Háskóla- og fræðasetur Snæfellsness í Stykkishólmi var stofnað 2006. Það er til húsa hjá Náttúrustofu Vesturlands og rekið í samstarfi við hana og með stuðningi Stykkishólmsbæjar. Sérstök áhersla er á náttúru Snæfellsness og Breiðafjarðar, einkum fugla. Verkefni sem fengist er við eru áhrifaþættir á stofnstjórnun farfugla, varplíffræði og atferlisfræði sandlóu, mat á varpárangri há-norrænna varpfugla og atferli æðarfugls.

Forstöðumaður er Tómas Grétar Gunnarsson

Stjórn Háskóla- og fræðaseturs Snæfellsness skipa fulltrúar þeirra sem að rekstrinum koma.

Ný setur í undirbúningi

Unnið er að stofnun tveggja nýrra háskóla- og fræðasetra, fjármögnun er þegar tryggð og stefnt er að því að þau hefji starfsemi fyrir mitt ár 2007:

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík verður stofnað í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða og Bolungarvíkurbæ og staðsett hjá Náttúrustofunni í Bolungarvík. Áherslusvið setursins verða ferðamál, náttúrufræði, menning og saga Vestfjarða.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík verður staðsett hjá Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík og verður rekið í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands, sveitarfélagið Norðurþing, Hvalasafnið á Húsavík og Norðursiglingu ehf. Áherslusvið setursins verða sjávarspendýr, náttúrufræði og umhverfisfræði (m.a. með hliðsjón af nýjum Vatnajökulsþjóðgarði).

Háskóla- og fræðasetur á Egilsstöðum er í undirbúningi. Ráðgert er að áherslusvið þess verði félagsfræðileg, byggðamál, atvinnumál í dreifðum byggðum, sveitarstjórnarmál og fleira.

Þátttaka í rannsóknasetrum.

Þessi setur eru rannsóknasetur á sama hátt og háskóla- og fræðasetur Háskóla Íslands, en eru í eigu annarra. Háskólinn kemur að þeim sem stofnaðili eða stendur að rekstri þeirra að hluta samkvæmt sérstökum samningi í hverju tilfalli.

Vör - Rannsóknarsetur um lífríki sjávar við Breiðafjörð. Setrið var stofnað í maí 2006. VÖR er sjálfseignarstofnun og standa 22 fyrirtæki og stofnanir að setrinu. Meginmarkmið setursins er að rannsaka lífríki Breiðafjarðar með það að leiðarljósi að auka þekkingu á vistkerfinu og nýtingamöguleikum auðlinda svæðisins.

Hátækni­setur Íslands á Sauðárkróki. Setrinu er ætlað að efla samkeppnishæfni íslensks hátækni­iðnaðar með auknum rannsóknum og aðgengi að fullkornustu tækni til smíða og rannsókna á hverjum tíma. Hátækni­setur Íslands er sjálfseignarstofnun sem varð til á árinu 2006 með samstarfi Háskóla Íslands, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra og ýmissa fyrirtækja og stofnanna í Skagafirði.

Þekkingarsetur

Þessi setur eru sjálfseignarstofnanir sem menntamála- og iðnaðarráðuneyti styrkja og HÍ tekur þátt í. Setrin eru svæðisbundin og markmið þeirra er að efla rannsóknir og háskólamenntun á svæðunum einkum með því að efla samstarf þeirra sem slíkt stunda á svæðinu. Þau eru ekki rannsóknasetur eins og háskóla­setrin.

- *Háskóla­setur Vestfjarða*
- *Þekkingarnet Austurlands*
- *Þekkingarsetur Þingeyinga*

Samstarf af ýmsu tagi

Ýmiss konar samstarf er við aðra starfsemi á landsbyggðinni. Oft á Háskóli Íslands aðild að stjórn stofnananna eða leggur til sérfræðiþekkingu samkvæmt samningi hverju sinni.

Má þar t.d. nefna:

- *Hólaskóli – Háskólinn á Hólum*
- *Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri*
- *Jöklasýning á Höfn í Hornafirði*
- *Þórbergsssetur á Hala*
- *Vesturfarasetur á Hofsósi*